



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 7.–9. tölublað. Júlí–september 2008

EFNI:

Faraldur salmonellusýkinga í kjölfar dvalar á grísku eyjunni Ródos	bls. 1
Inflúensan veturinn 2008–2009. Eitt tilfelli inflúensu B greindist síðsumars	bls. 1
Norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað 25.–27. sept. nk.	bls. 2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

FARALDUR SALMONELLUSÝKINGA Í KJÖLFAR DVALAR Á GRÍSKU EYJUNNI RÓDOS

Frá áramótum 2007–2008 til loka ágústmánaðar hafa 97 einstaklingar greinst með salmonellusýkingu samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala. Talið er að 21 þeirra hafi sýkst innanlands, 66 hafi sýkst erlendis en í tíu tilfellum er sýkingarland óþekkt.

Í seinni hluta ágústmánaðar greindust skyndilega tíu einstaklingar með *Salmonella Enteritidis*, sem allir höfðu dvalið á sama hótelinu á grísku eyjunni Ródos í lok júlí og fyrri hluta ágúst. Í viðtölum við fólkið fengust upplýsingar um fleiri einstaklinga sem dvöldu á sama hóteli og veiktust með sömu einkennum. Meðal þeirra sem veiktust eru framhaldsskólanemar sem sumir hverjir eru enn veikir.

Þann 27. ágúst síðastliðinn tilkynntu sænsk sóttvarnafyrvöld um fjölgun sjúklinga með salmonellusýkingu. Sjúklingarnir voru að koma frá Ródos og höfðu flestir hinna

sýktu dvalist á sama hóteli og Íslendingarnir sem greindust með sömu sýkingu. Þessi aukning sýkinga, sem rakin er til sama hótelsins, hefur verið tilkynnt Sóttvarnastofnun Evrópu og grískum heilbrigðisfyrvöldum til að hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana og stöðva áframhaldandi sýkingar.

Þeir sem hafa ferðast til Ródos í ágústmánuði 2008 og hafa fundið fyrir einkennum um sýkingu í meltingarvegi (magaverkjum, niðurgangi og hita) eru hvattir til að hafa samband við heimilislækni sinn sem metur þörf á sýnatöku.

Helstu einkenni salmonellu eru niðurgangur, uppköst, hiti og almenn vanlíðan. Langflestir fá bata án lækni meðferðar en sýkingin getur verið alvarleg vegna vökvataps og einnig getur hún borist út í blóðið. Þegar grunur er um salmonellusýkingu skal því gæta þess að drekka vel og leita lækni ef einkennum eru slæm.

INFLÚENSAN VETURINN 2008–2009. EITT TILFELLI INFLÚENSU B GREINDIST SÍÐSUMARS HÉR Á LANDI

Í lok nýliðins ágústmánaðar greindist inflúensa af B stofni hjá eins árs gamalli stúlku frá Hafnarfirði. Ekki er hægt að fullyrða að það merki að inflúensan sé snemma á ferðinni í ár. Venjulega líða nokkrar vikur frá því að inflúensa greinist fyrst þar til faraldur brýst út. Allur er þó varinn góður og rétt að hefja bólusetningar eftir að bóluefnið berst. Sá tími nálgast nú óðum að árleg inflúensubólusetning hefjist, en miðað hefur verið við októberbyrjun.

Áætlað er að bóluefnið verði komin til landsins í lok septembermánaðar og geta

heilbrigðisstofnanir og aðrir þar til bærir aðilar pantað bóluefni hjá Parlogis hf. sem annast dreifingu þeirra.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuþópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:



Tíu einstaklingar greindust með Salmonella Enteritidis í seinni hluta ágúst. Allir höfðu dvalið á sama hóteli á grísku eyjunni Ródos nokkrum vikum fyrr.

Í lok nýliðins ágústmánaðar greindist eins árs gömul stúlka frá Hafnarfirði með influensu af B stofni.

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á tilmæli um bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum hjá eftirtöldum hópum:

- Einstaklingum 60 ára og eldri, á tíu ára fresti.
- Einstaklingum með miltisleysi (*asplenia*) eða aðra ónæmisbælandi sjúkdóma á fimm ára fresti.

NORRÆN RÁÐSTEFNA HÉR Á LANDI UM HEILBRIGÐISVIÐBÚNAÐ 25.–27. SEPTEMBER 2008

Á hverju ári er haldin ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað á Norðurlöndum á vegum ráðuneyta og stofnana sem sinna heilbrigðisöryggi. Íslendingar hafa tekið þátt í þessu samstarfi Norðurlandþjóða frá haustinu 2001, en þá þótti ástæða til að efla samstarf um heilbrigðisöryggi í kjölfar atburða eftir árásina á tvíburaturnana í New York. Fleiri atburðir hafa orðið sem renna stóðum undir samvinnu Norðurlandþjóðanna eins og faraldur bráðalungnabólgu árið 2003, yfirvofandi heimsfaraldur influensu og tsunami-flóðbylgjan í Suðaustur-Asíu um jólin 2004.

Heilbrigðisöryggi og viðbúnaður á norðlægum hafsvæðum

Að þessu sinni verður ráðstefnan haldin í Reykjavík í lok september næstkomandi. Þema ráðstefnunnar verður heilbrigðisöryggi og viðbúnaður í Norður-Atlantshafi og á Barentssvæðinu. Fjallað verður um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóð og öryggis- pólitísk mál. Þá verður fjallað um öryggismál norðurlandabúa á fjarlægum slóðum þar sem m.a. utanríkisþjónustan kynnir viðbúnað og samstarf Norðurlanda á þeim vettvangi. Þá verður fjallað um áhrif áfalla á heilsuna.

Alþjóðasamstarf vegna áfalla verður til umræðu og þær stofnanir sem að því koma, s.s. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin í tengslum við nýja alþjóðaheilbrigðisreglugerð, Evrópusambandið og NATO. Sérstök kynning verður á samstarfi Norðurlandanna um viðbúnað við heimsfaraldri influensu.

Þá verður gerð grein fyrir sérstökum atburðum á Norðurlöndum sem undanfarna tólf mánuði hafa ógnað heilsu manna, s.s. Suðurlandsskjálftinn í lok maí á þessu ári.

Á Íslandi hefur sóttvarnalæknir annast undirbúning að þátttöku landsins í þessu norræna samstarfi fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins.



Þema ráðstefnunnar verður heilbrigðisöryggi og viðbúnaður í Norður-Atlantshafi og á Barentssvæðinu.
Mynd: FreeFoto.com